



Bréf vegna uppboðs á húseigninni Bergstaðarstræti 33B og útskrift úr fógetabók Reykjavíkur 1939

Bjarni Benediktsson – Bréf vegna uppboðs á húseigninni Bergstaðarstræti 33B og útskrift úr fógetabók
Reykjavíkur 1939

Tekið af vef Borgarskjalasafnsins

bjarnibenediktsson.is

Einkaskjalasafn nr. 360
Stjórnmalamaðurinn
Askja 2-6, Örk 4

©Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Í sambandi við uppboð sem fór fram 25. jan. 1938 á húseigninni

Bergstaðastræti 33B, skal þetta tekið fram:

Að einn af þeim sem þarna var viðstaddur spurði fulltrúa lögmanns hvort ekki væri rjett að láta ná í eiganda hússins, því verið gæti að hann vissi ekki af uppboðinu, þar sem spyrjandi vissi hvar hann vann og sími var á staðnum, en fulltrúi kvaðst ekki hafa neina ástæðu til þess að vera að leita menn uppi út um allan bæ. Þá spurði sami maður fulltrúann hvaða tilkynningu húseigandi hefði fengið um uppboðið, og kvað fulltrúi það vera fyrst og fremst tilkynningu í Lögbirtingablaðinu og svo væri ábyrgdarbrjef sent til viðkomandi með ákveðnum fyrirvara, en ef menn sæktu ekki ábyrgdarbrjef sín þá gæti hann ekki gert að því, ef það væri tilfellið í þetta skifti. (En samkvæmt því sem fram hefir komið seinna er víst hægt að fullyrða það, að ábyrgdarbrjefið var adr. til húseiganda á Bergstaðastr. 33B en þar átti hann ekki heima.)



ÚTSKRIFT

úr

FÓGETABÓK

REYKJAVÍKUR

Ár 1938, þriðjudaginn 25. janúar var uppboðsréttur Reykjavíkur settur á Bergstaðastreti 33 B og haldinn af fulltrúa lögmannsins Kristjáni Kristjánssyni með undirrituðum vottum.

Fyrir var tekið:

að selja við opinbert uppboð húseignina nr. 33 B við Bergstaðastreti, eigandi Sveinn G. Sveinsson, eftir beiðni tollstjórans í Reykjavík.

Uppboðshaldari leggur fram í réttinum nr. 1 beiðni um söluna ásamt gjaldseðlum, nr. 2 veðbókavottorð og 3 söluskilmála. Eru skjölin svohljóðandi: ///

Til staðar eru í réttinum 3 eintök af lögbirtingarbl. með augl. um uppboðið.

Í réttinum er mættur af hálfu uppboðsbeiðanda Bjarni Pálsson cand. jur. Af hálfu 2. veðréttarhafa er mættur í réttinum Ásgeir Bjarnason.

Eigandi eignarinnar var ekki mættur.

Lesnir uppboðsskilmálar svohljóðandi:

Hæstbjóðandi í eignina var Jón B. Jónsson, bókarí, sem bauð kr. 2100,00 - tvö þúsund og eitt hundrað krónur. Næstbjóðandi í eignina var Bjarni Pálsson, cand. jur. sem bauð kr. 2000,00 - tvö þúsund krónur.

Uppboðshaldari tók sér 8 daga frest til að samþykkja boðið.

Uppl. játað rétt. Uppboðinu lokið

Rétti slitið

Kr. Kristjánsson

ftr.

Staðheimamat & Svokk.

Bjarni Pálsson Jón B. Jónsson

Vottar:

Ásg. Bjarnason

Eiríkur Einarsson

Einar Jónsson

Rétta útskrift staðfestir

Skrifstofa lögmannsins í Reykjavík 9. febrúar 1938

Gjald:

Ritlaun 1.10

Stimpilgjald 0.65

1.75

- ein króna
sjötíu og fimm aurar.

Greitt.

